

## Stokkseyrar-Dísa vekur upp tvíbura

Written by Strandagaldur

Wednesday, 09 November 2005 23:47

---

Maður er nefndur Snorri; hann bjó á Stóru-Háeyri og fór einu sinni ferð austur í Parta. Segir ekki af ferðum hans fyrr en hann var kominn aftur út á móts við Stokkseyri. Það var um miðja nótt í tunglsljósi. Þá sér hann þar í kirkjugarðinum einn mann eða jafnvel tvo. Hann skiptir sér ekki af þessu, en gengur niður að sjó og svo út með ströndinni. Og þegar hann er kominn góðan spöl út fyrir Stokkseyri, nærri út að Hraunsá, snýr hann aftur frá sjónum upp á flatirnar. Þá sér hann tvo eldhnetti veltast með miklum hraða út eftir bökkunum þar til hann missti sjónar af þeim. En skömmu eftir þetta barst sú saga að Stokkseyrar-Dísa hefði vakið upp tvíbura og sent þá vestur á Vestfirði.

*Þjóðsögur Jóns Árnasonar,*

*I. bindi, bls. 566*

*(skrásett „af skólapilt Eggert Sigfússyni eftir Sigríði Jónsdóttur á Litlu-Háeyri“;)*